

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 9. október 2013.
Tímasetning fundar: kl. 18:00 – 19:20
Fundarstaður: Súfistanum, Hafnarfirði

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Anna Laxdal Þórólfsdóttir (AL)	formaður	Mætt
Þórhildur Kristjánsdóttir (ÞK)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	gjaldkeri	Mætt
Dagný Þrastardóttir (DÞ)	meðstjórnandi	fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt

1. Stjórn næsta árs.

Það þarf að fá 3 nýjar konur í stjórn og eina í varastjórn. Dagný Þrastardóttir, Anna Laxdal Þórólfsdóttir og Steiney Halldórsdóttir ætla að hætta í stjórn og Anna Guðrún Gylfadóttir ætlar að hætta í varastjórn. Aðalheiður Gunnarsdóttir ætlar að halda áfram að vera vefstjóri. AG ætlar að senda póst til formanna og tala við stjórnendur kóranna til að athuga hvort þær geti aðstoðað við að fá konur, sem þær þekkja til að koma inn í stjórn Gígjunnar. Þórhildur Kristjánsdóttir ætlar að taka að sér að vera formaður Gígjunnar.

2. Aðildarkórar.

Kvennakór Öldutúns er hættur í bili og þarf að athuga hvort þær séu alfarið hættar eða ætli að koma saman aftur eftir einhvern tíma. Ef kórin er hættur þá þarf hann að senda til Gígjunnar uppsögn úr landssambandinu. SH ætlar að tala við þær konur sem hafa komið inn í Kvennakór Hafnarfjarðar og athuga hvernig staðan sé.

3. Aðildargjöld.

RH ætlar að senda ítrekanir vegna félagsgjalda þar sem enn eru 7 kórar sem ekki hafa greitt aðildargjöldin til Gígjunnar.

4. Kynning á Gígjunni.

Rætt var um að það þyrfti að fá formenn kóranna til að kynna starf Gígjunnar betur. Stungið var upp á því að gefa út einblöðung árlega þar sem starfsemi Gígjunnar og það sem er á döfinni verður kynnt. Til dæmis að sá fyrsti kæmi út fyrir landsmótið á Akureyrir og yrði dreift á kórkonurnar á landsmótinu.

5. Hátíðarfáni, borðfánar og barmmerki.

Tilboð í fána og fánastangir voru rædd. Það hafa komið 2 tilboð frá Merkismönnum og Silkiprenti. Tilboðið virðist vera hagstæðara hjá Silkiprent en AL ætlar að athuga betur

með það tilboð. Þ.e. hvað felst í tilboðinu, þar sem tilboðið er ekki alveg nógu skýrt orðað. AL ætlar einnig að leita tilboða í sambandi við barmmerki með lógói Gígjunnar.

6. Fundur með landsmótsnefndinni.

Stjórnarkonur ætla að funda með landsmótsnefndinni frá Akureyri eftir aðalfundinn og fá upplýsingar um kynningu og fleira sem snýr að landsmótinu.

7. Aðalfundur.

AG ætlar að senda út til formanna kóranna ósk eftir tilnefningum til heiðursverðlauna Gígjunnar. Þar á að koma fram að það megi senda aftur tilnefningar um konur sem hafa verið tilnefndar áður en ekki fengið viðurkenningu. AL ætlar að sjá um þátttökulistana og dagskrá þar sem SH verður ekki á fundinum. RH sér um að hafa ársreikninginn tilbúinn fyrir aðalfundinn. Landsmótsnefndin kemur til með að kynna landsmótið á aðalfundinum.

Fleira ekki rætt og var fundi slitið kl. 19:20.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir